

Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Kristjáni L. Möller
um brunavarnagjald og stuðning við sveitarfélög.

1. *Hversu hátt er svokallað brunavarnagjald, sem rann til brunavarna í hverju sveitarfélagi, í reikningum ríkissjóðs um síðustu áramót?*

Brunavarnagjald er 0,045 prómill af váttryggingarfjárhæð brunatrygginga og er innheimt af váttryggingarfélögum hjá váttryggingartökum af brunatryggingum og er skilað til Mannvirkjastofnunar. Gjald þetta hefur breytt um nafn og heitir nú byggingaröryggisgjald og er jafnhátt og áður. Gjald þetta er einn af tekjustofnum stofnunarinnar.

2. *Hefur þessum fjármunum verið ráðstafað? Ef ekki, hvar eru þeir geymdir, hvaða vaxtakjör eru á þeim og hvernig er ætlunin að ráðstafa þeim?*

Byggingaröryggisgjaldið (áður brunavarnagjaldið) skal standa undir verkefnum Mannvirkjastofnunar skv. 5. gr. laga nr. 160/2010 en þar segir að stofnunin skuli hafa eftirlit með framkvæmd laga um brunavarnir, tryggja samræmingu á byggingareftirliti og eldvarnaeftirliti og starfsemi slökkviliða um land allt í samráði við viðkomandi stjórnvöld. Mannvirkjastofnun skal gefa árlega út skýrslu um stöðu og þróun mannvirkjagerðar í landinu. Önnur helstu verkefni Mannvirkjastofnunar eru svo talin upp í sautján liðum. Rekstur stofnunarinnar er háður samþykki fjárlaga hverju sinni, ef innheimt byggingaröryggisgjald er hærra en sem því nemur færast það inn á bundinn höfuðstól stofnunarinnar. Ríkið fer með vörslu þeirra fjármuna sem færðir eru á bundinn höfuðstól stofnunarinnar og eru stofnuninni ekki reiknaðir vextir til tekna vegna hans.

3. *Hversu hár var fjárstuðningur við sveitarfélögin á meðan á honum stóð, sundurliðað eftir sveitarfélögum og árum?*

Árið 2006 var veitt heimild til að ráðstafa 100 millj. kr. af bundnum höfuðstól til kaupa á ýmsum búnaði fyrir slökkvilið landsins. Nokkrum slökkviliðum höfðu þá verið veittir styrkir til að vinna skýrslur um mögulegar sameiningar slökkviliða og voru hverju landsvæði veittar á bilinu 300–400 þús. kr. til slíkrar skýrslugerðar. Samtals fengu slökkvilið (sveitarfélög) veitt 3,1 millj. kr. til þessa verkefnis, sjá töflu 1.

Tafla 1. Styrkveitingar vegna skýrslugerðar um samvinnu eða sameiningu slökkviliða.

Nr.	Aðilar	Styrkur
1	Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar Stjórn Brunavarna Suðurnesja Grindavíkurbæjar	300.000
2	Bæjarstjórn Snæfellsbæjar Bæjarstjórn Stykkishólms Sveitarstjórn Grundarfjarðar	300.000

Nr.	Aðilar	Styrkur
3	Bæjarstjórn Blönduósbæjar Sveitarstjórn Húnaþings vestra Sveitarstjórn Bæjarhrepps Sveitarstjórn Höfðahrepps	300.000
4	Slökkvilið Akureyrar (Akureyrarbær) og Brunavarnir Eyjafjarðar (Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Arnarneshreppur, Hörgárbyggð) Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar Sveitarstjórn Ólafsfjarðarbæjar Sveitarstjórn Hríseyjarhrepps	400.000
5	Sveitarstjórn Fellahrepps Bæjarstjórn Austur-Héraðs Sveitarstjórn Norður-Héraðs Sveitarstjórn Skeggjastaðahrepps Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps Sveitarstjórn Vopnafjarðahrepps Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar Sveitarstjórn Borgarfjarðahrepps Sveitarstjórn Þórshafnarhrepps	400.000
6	Húsavíkurbær Tjörneshreppur Aðaldælahreppur Öxarfjarðahreppur Þingeyjarsveit Skútustaðahreppur Kelduneshreppur Raufarhafnarhreppur	400.000
7	Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar Bæjarstjórn Borgarbyggðar Sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar	300.000
8	Sveitarfélagið Ölfus Sveitarfélagið Hveragerðisbær	300.000
9	Rangárþing eystra Mýrdalshreppur Skaftárhreppur	400.000

Á ráðstefnu slökkviliðsstjóra 2006 í Reykjavík var ákveðið hvaða búnaðar yrði aflað og síðar á sama ári var hann boðinn út á vegum Ríkiskaupa. Ári seinna, á ráðstefnu slökkviliðsstjóra sem haldin var í Reykjanesbæ í mars 2007, var fjallað um hvernig búnaðinum skyldi ráðstafað til slökkviliða landsins. Slökkviliðsstjórar ræddu málið í vinnuhópum og komu sér saman um tillögur um staðsetningu búnaðarins. Í mörgum tilfellum var samkomulag um að staðsetja búnaðinn hjá ákveðnu slökkviliði en hann væri þó í sameign fleiri slökkviliða á landsvæðinu.

Fjárfest var í eftirfarandi búnaði:

Búnaður A: 18 kerrur með búnaði til viðbragðs við mengunarslysum og eiturefnaslysum, hver kerra kostaði 2.254.849 kr.

Búnaður B: 10 kerrur með reykköfunartækjum og loftbanka, hver kerra kostaði 2.070.547 kr.

Búnaður C: 19 fartölvur sem búnar voru sérstökum gagnagrunnum fyrir eldvarnaeftirlit, hver tölva, uppsett með stýrikerfi og gagnagrunnum, kostaði 240.000 kr.

Búnaður D: Þyrlutækur búnaður vegna stærri mengunar- og eiturefnaslysa, vistaður hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (innkaupsverð 12 millj. kr.) og Slökkviliði Akureyrar (innkaupsverð 7 millj. kr.).

Búnaður E: Smíðaðir voru 12 æfingagámar fyrir slökkvilið og þeim dreift um landið. Kostnaður við smíði hvers gáms var 1.000.000 kr.

Í töflu 2 kemur fram hvar búnaður af tegund A, B, C, D og E var vistaður. Athuga ber að sum slökkviliðin hafa síðan 2007 sameinast öðrum slökkviliðum eða breytt um nafn, en taflan sýnir nöfn slökkviliðanna eins og þau voru árið 2007.

Tafla 2: Staðsetning búnaðar A, B, C, D og E eftir slökkviliðum, kostnaður í millj. kr.

Nr.	Svæði	Slökkvilið	A	B	C	D	E	Samtals m.kr.
1	Höfuðborgarsvæðið	SHS				12 m.kr.		12,0
2	Suðurnes	Brunavarnir Suðurnesja						
		Slökkvilið Grindavíkur	1	1	1			
		Slökkvilið Sandgerðis	1					7,820
3	Suðvesturland	Slökkvilið Akraness		1	1			
		Slökkvilið Borgarfjarðardala						
		Slökkvilið Borgarness og nágrennis	1		1			5,805
4	Snæfellsnes og Dalir	Slökkvilið Grundarfjarðar						
		Slökkvilið Stykkishólms	1					
		Slökkvilið Snæfellsbæjar		1				
		Slökkvilið Búðardals					1	5,325
5	Vestfirðir	Slökkvilið Bolungarvíkur			1			
		Slökkvilið Ísafjarðar			1			
		Slökkvilið Reykhóla						
		Slökkvilið Tálknafjarðar						
		Slökkvilið Vesturbyggðar	1	1	1		1	
		Slökkvilið Súðavíkur						
		Slökkvilið Hólmavíkur	1		1			
		Slökkvilið Drangsness						9,540
6	Húnavatnssýslur	Slökkvilið Hvammstanga	1		1			
		Slökkvilið Blönduóss	1	1	1		1	
		Slökkvilið Skagastrandar						8,060
7	Skagafjörður, Siglufjörður	Slökkvilið Siglufjarðar	1		1			
		Brunavarnir Skagafjarðar						2,495
8	Eyjafjarðarsvæðið	Slökkvilið Akureyrar	1	1		7 m.kr.		
		Slökkvilið Ólafsfjarðar						
		Slökkvilið Dalvíkur			1			

Nr.	Svæði	Slökkvilið	A	B	C	D	E	Samtals m.kr.
		Slökkvilið Grímseyjar						
		Slökkvilið Hríseyjar						
		Slökkvilið Grenivíkur						12,565
9	Þingeyjarsýslur	Slökkvilið Mývatns						
		Slökkvilið Þingeyjarsveitar						
		Slökkvilið Húsavíkur	1	1	1		1	
		Slökkvilið Kópaskers						
		Slökkvilið Raufarhafnar						5,565
10	Norðausturland	Slökkvilið Þórshafnar	1		1			
		Slökkvilið Seyðisfjarðar						
		Slökkvilið Bakkafjarðar						
		Slökkvilið Vopnafjarðar	1					
		Brunavarnir á Héraði	1	1	1		1	
		Slökkvilið Borgarfjarðar eystri						
		Slökkvilið Mjóafjarðar						10,315
11	Suðausturland	Slökkvilið Fjarðabyggðar	1	1	1			
		Slökkvilið Fáskrúðsfjarðar						
		Slökkvilið Breiðdalsvíkur						
		Slökkvilið Djúpavogs						
		Slökkvilið Hornafjarðar	1		1		1	8,060
12	Suðurland	Slökkvilið Vestmannaeyja	1		1			
		Brunavarnir Árnassýslu					1	
		Slökkviliðið Vík í Mýrdal						
		Slökkvilið Kirkjubæjarklausturs						
		Brunavarnir Rangárvallasýslu	1	1				
		Slökkviliðið Flúðum			1			
		Slökkvilið Hveragerðis						
		Slökkvilið Þorlákshafnar			1			9,300
		Samtals	18	10	19	19 m.kr.	12	96,850

Samtals voru því veittar $96.850.000 + 3.100.000 = 99.950.000$ kr. til sveitarfélaganna (slökkviliðanna) til að efla viðbúnað og samvinnu sveitarfélaganna á landsvisu, eða rétt um 100 millj. kr.